

Mánudaginn 4. október verður Miðannarmatið tilbúið hjá MH-ingnum ykkar. Niðurstöður birtast í upplýsingakerfi okkar *Innu*, undir Námið og einkunnir. Ástæða er til að taka fram að hér er ekki um að ræða hefðbundna einkunn eins og tíðkast í annarlok að undangengnum prófum. Miðannarmatið er byggt á liðlega 7 vikna kynnum. Kennarar eru að meta ástundun nemanda áður en til lokaprófa kemur og leggja mat á hvernig nemandinn hefur unnið í hverjum áfanga hingað til. Umsögn er gefin í eftirfarandi bókstöfum: **G = góð(ur), V = viðunandi og O = ófullnægjandi og þarf að bæta**. Hafa verður í huga að ekki meta allir kennarar alla þætti því vinnulag er mismunandi eftir áföngum. Upplýsingar þessar eru hugsaðar sem hvatning til nemenda sem hafa stundað námið vel það sem af er önninni eða sem vísbending um að nemandi þurfi að taka sig á áður en að prófum kemur. Við vonumst til þess að miðannarmatið verði umræðugrundvöllur milli ykkar og unglingsins um hvernig gengur að fóta sig á fyrstu önninni í framhaldsskóla.

Val fyrir næstu önn stendur yfir frá 1.október til 11.október. Í lífsleikni nýnema er farið vel yfir valið og hvernig þau eiga að bera sig að og ef það eru einhverjar spurningar varðandi það þá eiga þau að geta leitað til lífsleiknikennarans síns. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem nýneminn ykkar velur alveg sjálfur áfanga í MH er gott að þið farið yfir þessi mál saman og skoðið miðannarmatið og mætingar í samhengi við valið. Á heimasíðunni eru tenglar í leiðbeiningar vegna vals og áfangaframboð næstu annar.

Midterm evaluation

Dear parents/guardians.

At this time, well before the exams, Menntaskólinn við Hamrahlíð attempts to evaluate how well students are working. We wish to stress the fact that teachers are **not** giving a grade of the kind students traditionally receive at the end of term after sitting final exams. The intention is rather to convey the teachers' impressions of how students have been working over the past 6 - 7 weeks. This information will hopefully have the effect of either encouraging those who have been working well or acting as a warning to those who need to make changes in their work-habits before exams. The grades are: **G = good (góður), V = acceptable (viðunandi) = og O = unacceptable and needs improving (ófullnægjandi og þarf að bæta)**. The midterm evaluations in on *Inna under Námið, Einkunnir*.

We hope that this information proves useful to you and that your child benefits from studying here at MH.

With regards

Helga og Pálmi